

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
1. fundur 2019 (87. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 01.02.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan

Ragnhildur Skarphéðinsdóttir frá Hornsteinum arkitektum sat fundinn undir lið 2.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staðfesting Skipulagsstofnunar vegna breytingar Flugstöðvarsvæðis

Með bréfi, dags 14.01.2019, tilkynnti Skipulagsstofnun skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar að stofnunin hefði staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar fyrir Flugstöðvarsvæðið.

Breytingin var auglýst í B – deild Stjórnartíðinda þann 30.01.2019.

2. Deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 16.01.2019, þar sem stofnunin kom á framfæri nokkrum ábendingum og athugasemdum við deiliskipulag Flugstöðvarsvæðis sem skipulagsnefndin samþykkti á fundi sínum þann 09.11.2018.

Lögð var fram greinargerð með deiliskipulagstillögunni þar sem brugðist var við erindi Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkti greinargerðina með áorðnum breytingum.

3. Skipulagslýsing deiliskipulags B – svæðis (öryggisvæðis) Keflavíkurflugvallar

Lögð var fram skipulagslýsing deiliskipulags B – svæðis Keflavíkurflugvallar. Fyrirhugað er að deiliskipuleggja allt B – svæðið, en lögð verður þó sérstök áhersla á einstök svæði innan heildarsvæðisins.

Fram kom athugasemd um lið 4.1.2 *Skammtíma gístaðstaða* að ekki væri nógu skýrt tekið fram að ekki er um að ræða varanlega aðstöðu heldur tilfallandi eins og t.d. fyrir aðkomuhermenn.

Skipulagsnefndin gerir ekki aðrar athugasemdir við skipulagslýsinguna en hér að framan.

4. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á Keflavíkurflugvelli

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 09.01.2019, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um tillögu að matsáætlun fyrir stækkun Keflavíkurflugvallar.

Um er að ræða tiltekna stækkun Flugstöðvarbyggingarinnar, aukningu afkastagetu núverandi flugbrauta, gerð afisingarsvæðis, stækkun eldsneytiskerfis og fjölgun og tilfærsla bílastæða.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna að matsáætlun.

5. Svæðisskipulag Suðurnesja

Með erindi, dags. 19.12.2018, óskaði svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja eftir heimild frá aðilum svæðisskipulagsins til að auglýsa breytingu á svæðisskipulaginu sem verið hefur til umfjöllunar undanfarin misseri, sjá fundargerðir skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 2018.

Skipulagsnefndin samþykkti fyrir sitt leyti að tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja verði auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga þar um.

6. Farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll 2019

Kynnt var og rædd farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll 2019 sem birt var í vikunni. Þar er gert ráð fyrir nokkurri fækkun farþega á árinu, sérstaklega skiptifarþega.

7. Skipulagsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll

Spurst var fyrir um stöðu mála varðandi afgreiðslu skipulagsreglna fyrir Keflavíkurflugvöll.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 1. mars 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx